

sektin eigi öll greiðist innan ákveðins tíma. Um málskostnað í héraði skal aukaréttardómurinn vera óraskaður. Ákærði greiði og allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málfutningslaun til hins skipaða sækjanda og hins skipaða verjanda við yfirdóminn, málsfærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum,

Nr. 12/1904:

Réttvísinn

gegn

Sveinbirni Árna Ingimundarsyni.

D ó m u r:

Með dómi aukaréttar Ísafjarðarkaupstaðar, gengnum 21. marz.mán. þ. á., var ákærði, Sveinbjörn Árni Ingimundarson, dæmdur samkvæmt 230. gr. alm. hegningarlaga fyrir einfaldan þjófnað, til þess að sæta fangelsi við vatn og brauð í 2×5 daga, og til þess að greiða iðgjöld Birni Jónssyni á Bíldudal 127 kr. 05 a.; svo var honum og með dóminum gjört að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun til hins skipaða talsmanns hans, Björns lögregluþjóns Árnason-

ar, 8 kr. — Þessum dómi hefir hlutaðeigandi amtmaður áfrýjað til landsyfirréttarins.

Samkvæmt eigin játningu hins ákærða og öðrum skýrslum, sem fengist hafa í málinu, eru málsatvik þessi:

Seint í septembermán. f. á. fór ákærði með gufuskipinu »Skálholt« frá Reykjavík áleiðis til Ísafjarðar; 28. s. m., er skipið var statt í Stykkishólmi, fann ákærði á gólfinu á 2. farrými peningabuddu, sem hann tók upp og stakk á sig, og fór hann með hana upp á þilfar. — Ekki vissi ákærði, þegar hann fann budduna og hirti, hver hana átti, en sama kvöldið vissu menn, og hann líka, að Björn Jónsson, trésmiður frá Bíldudal, sem var með skipinu í 3. farrými, hafði týnt eða mist buddu með peningum í, að upphæð 126 kr. og 1 fimm aura merki, að því er Björn hefir frá skýrt. Þegar ákærði var kominn með budduna upp á þilfarið tók hann úr henni, að eigin sögn, 10 tíu króna gullpeninga og 3 kr. í silfri; segir hann að eitthvað af peningum hafi verið eftir í buddunni þegar hann var búinn að taka til sín nefndar 103 kr.; hafi hann svo kastað buddunni með því sem í henni var fram á þilfarið. Ákærði taldi víst, að budda þessi væri sú hin sama, sem Björn kvaðst hafa mist, og hefir hún ekki fundist eða komið til skila.

Peningum þeim, sem ákærði tók úr buddunni, eyddi hann að miklu leyti á skipinu í vínföng og vindla á leiðinni frá Stykkishólmi til Ísafjarðar, og þar eyddi hann nær því öllu, sem eftir var; þegar hann var settur í varðhald, átti hann að eins eftir 1

kr. og 68 a. — Björn Jónsson, sá, er budduna misti, hefir krafist, að ákærði yrði dæmdur til að greiða sér þær 126 kr. 05 a., sem í buddunni voru þegar hann misti hana, og að auki 1 kr. fyrir budduna eða samtals 127 kr. 05 a. Ákærði hefir ekkert mælt á móti þessari skaðabótakröfu Björns.

Verknaður ákærða, sem kominn er talsvert yfir-lögaldur sakamanna, ekki áður hefir verið hegnt fyrir neitt afbrot, og ekki, þótt hann væri nokkuð ölváður þegar hann hirti budduna, var það svo mjög, að úr sakhæfi hans geti dregið, á undir 249. gr. alm. hegningarlaga 25. júní 1869, og virðist hegning sú, sem hann eftir þessum lagastað hefir til unnið, hæfilega metin  $2 \times 5$  daga fangelsi við vatn og brauð.

Um málskostnað í héraði á undirdómurinn að vera óraskaður, svo og ákvæði hans um, hver iðgjöld ákærði skuli greiða. Svo ber ákærða og að greiða allan af áfrýjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og sókn og vörn í því fyrir yfirdómi lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði Sveinbjörn Árni Ingimundarson á að sæta fangelsi við vatn og brauð í  $2 \times 5$  daga; að öðru leyti skal hinum áfrýjaða dómi óraskað. Ákærða ber og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málfutningslaun til sókn-

ara og svaramanns fyrir yfirdómi, málfærslumannanna Einars Benediktssonar og Odds Gíslasonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Ídæmd iðgjöld greiðist innan 8 vikna frá lögbirting dóms þessa og honum að öðru leyti að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 49/1903:

Uppgjafaprestur Jón Bjarnason  
gegn  
Arinbirni Sveinbjarnarsyni.

#### D ó m u r:

Í vottorði, útgefnu af áfrýjanda ásamt öðrum manni 10. febr. f. á., sem sent var til ráðgjafans fyrir Ísland með erindi viðvíkjandi ágreiningi fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík við prest hans, síra Lárus Halldórs-son, er komist svo að orði, að atferli 4 fulltrúa fríkirkjusafnaðarins í Reykjavík gagnvart nefndum presti safnaðarins »hafi eigi einungis verið ólöglegt og í alla staði ástæðulaust, heldur og jafnframt svo svívirðilegt og ódrengilegt, að slíks séu naumast dæmi, að því er kunnugt sé, gagnvart heiðvirðum erindsreka kristindómsins hér á landi«.

Hinn stefndi Arinbjörn bókbindari Sveinbjarnarson, sem var einn af fulltrúum þeim, er beinst var að með framangreindum orðum, höfðaði mál út af þeim gegn áfrýjanda, með því að hann taldi þau ærumeið-